

Norðurorka hf.

Ársreikningur samstæðu 2022

Norðurorka hf.  
Rangárvöllum  
603 Akureyri

kt. 550978-0169

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Fallorka ehf. er í 100% eigu Norðurorku hf. og felst starfsemi þess í sölu raforku og uppbyggingu raforkuvera á Íslandi.

## Rekstur ársins

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2022 námu kr. 4.521 millj. en voru kr. 4.319 millj. árið 2021 og hafa hækkað um 4,7% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 152 millj. í samanburði við kr. 546 millj. hagnað árið 2021. Eiginfjárlutfall í lok árs 2022 var 60,7% (2021: 60,6%).

Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam kr. 12.973 millj. samkvæmt efnahagsreikningi (2021: kr. 12.810 millj.). Fjöldi ársverka hjá samstæðunni á árinu 2022 voru 73,8 (2021: 70,2). Meðal starfsmanna er hlutfall kvenna 33% og karla 67%. Í stjórnendahópi félagsins eru 57% karlar og 43% konur. Í stjórn móðurfélagsins er hlutfall kvenna 40% og karla 60% og í stjórn dótturfélagsins er hlutfall kvenna 67% og karla 33%.

Hlutfé í árslok nam kr. 847 millj. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Eignarhlutur
Akureyrarbær .....	98,27%
Hörgársveit .....	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur .....	0,45%
Grýtubakkahreppur .....	0,18%
Þingeyjarsveit .....	0,18%
Eyjafjarðarsveit .....	0,12%
	100,00%

## Framtíðaráform og óvissuþættir í ytra umhverfi

Gert er ráð fyrir að umfang rekstrarins verði áfram svipað og síðustu ár.


Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 1.432 millj. á árinu 2022 (2021: kr. 1.141 millj.). Áætlanir gera ráð fyrir aukinni uppbyggingu í innviðum hitaveitukerfa í ljósi vísbendinga um að jarðhitakerfið við Hjalteyri sé fullnýtt. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa og auknum rannsóknum á jarðhitaauðlindum.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2023, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Akureyri, 28. mars 2023.

Stjórn



Hildur Jóhannsdóttir

Forstjóri



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Norðurorku hf. („samstæðan“) fyrir árið 2022. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2022 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 28. mars 2023

KPMG ehf.



# Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	3	4.521.047	4.319.032
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orkukaup og orkuflutningur .....		800.613	690.589
Laun og launatengd gjöld .....	4	803.383	715.833
Annar rekstrarkostnaður .....		1.232.807	1.121.596
Afskriftir .....	8,9	877.899	867.076
		<u>3.714.702</u>	<u>3.395.094</u>
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		806.345	923.938
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....	5	27.811	7.332
Fjármagnsgjöld .....	5	(717.101)	(442.054)
Gengismunur .....	5	(26.682)	82.789
		<u>(715.972)</u>	<u>(351.933)</u>
Áhrif hlutdeildarféлага .....	11	53.968	45.900
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		144.342	617.906
Tekjuskattur .....	6,17	7.559	(71.850)
<b>Hagnaður ársins .....</b>	16	<u>151.901</u>	<u>546.056</u>
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut .....	7	0,18	0,64

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	20.070.668	19.439.223
Óefnislegar eignir .....	9	10.762	17.937
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	11	405.854	369.917
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	12	14.371	10.871
Skuldabréfaeign .....	13	3.841	5.762
Fastafjármunir samtals		<u>20.505.496</u>	<u>19.843.709</u>
Birgðir .....		229.316	220.193
Viðskiptakröfur .....	14	345.889	294.039
Kröfur á tengda aðila .....	20	50.156	253.787
Aðrar skammtímakröfur .....		4.009	5.714
Handbært fé .....	15	235.347	533.922
Veltufjármunir samtals		<u>864.717</u>	<u>1.307.654</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>21.370.213</u></u>	<u><u>21.151.363</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		268.225	268.225
Endurmatsreikningur .....		3.402.038	3.503.488
Annað bundið eigið fé .....		384.349	410.787
Óráðstafað eigið fé .....		8.072.216	7.780.367
Eigið fé samtals	16	<u>12.973.490</u>	<u>12.809.529</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	634.687	708.446
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	18	6.735.146	6.666.009
Langtímaskuldir samtals		<u>7.369.833</u>	<u>7.374.455</u>
Viðskiptaskuldir .....		374.510	337.735
Skuldir við tengda aðila .....	20	15.428	33.970
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	18	450.407	413.313
Tekjuskattur til greiðslu .....	17	0	11.946
Aðrar skammtímaskuldir .....		186.544	170.414
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.026.890</u>	<u>967.378</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>8.396.723</u>	<u>8.341.833</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>21.370.213</u></u>	<u><u>21.151.363</u></u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	16	151.901	546.056
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap (-hagnaður) eigna .....		40	16
Matsbreyting eignarluta í félögum .....		(3.531)	0
Afskriftir .....	8,9	877.899	867.076
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda .....		530.454	171.261
Áhrif hlutdeildarféлага .....	11	(53.968)	(45.900)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....		(7.559)	59.870
Veltufé frá rekstri		<u>1.495.235</u>	<u>1.598.380</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		(9.124)	17.462
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun .....		(45.690)	27.998
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		19.593	33.586
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(35.220)</u>	<u>79.046</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.460.015</u>	<u>1.677.426</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8	(1.432.323)	(1.140.879)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		1.514	353
Lækkun hlutafjár og arður frá hlutdeildarfélagi .....		19.490	12.725
Söluverð eignarluta í félögum .....		31	0
Afborgun skuldabréfa .....		1.921	1.921
Kröfur á tengda aðila, breyting .....		202.000	(193.926)
Fjárfestingahreyfingar		<u>(1.207.368)</u>	<u>(1.319.806)</u>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Arður til hluthafa .....	16	(126.999)	(126.999)
Tekin ný langtímalán .....		0	600.000
Aforganir langtímalána .....		(424.222)	(326.589)
Fjármögnunarahreyfingar		<u>(551.221)</u>	<u>146.411</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>(298.574)</b>	<b>504.031</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....		533.922	29.891
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		<b><u>235.347</u></b>	<b><u>533.922</u></b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Innborgaðir vextir .....		22.238	7.332
Greiddir vextir .....		(203.457)	(193.809)
Greiddur tekjuskattur .....		(11.946)	(6.668)
<b>Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	600.000
Afborgun langtímalána .....		0	(600.000)

# Skýringar

## 1. Félagið

Norðurorka hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Rangárvöllum á Akureyri. Samstæðureikningur félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., Rangárvöllum á Akureyri.

Starfsemi samstæðunnar felst í vinnslu og sölu á heitu og köldu vatni, rekstri fráveitu, raforkudreifingu, rekstri raforkuvera og raforkusölu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf., en félagið átti allt hlutafé í Fallorku ehf. í árslok. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna nema getið sé til um annað.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög er þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærrí en bókfært verð hlutdeildarfélaganna er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélögin eða fjármagnað þau.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2022. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

### c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir móðurfélagsins eru skráðar á endurmetnu kostnaðarverði í efnahagsreikningnum, sem er gangvirði eignanna á endurmatsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum. Allar hækkanir vegna endurmatsins eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskatti. Afskriftir endurmatsins eru færðar í rekstrarreikning og er árlega færð leiðrétting sem endurspeglar þá fjárhæð af endurmatsreikningi og á óráðstafað eigið fé. Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna dótturfélagsins Fallorku ehf. var reiknað með sama hætti og hjá móðurfélaginu, í fyrsta sinn á árinu 2022. Mismunur reiknaðs endurmetins verðs og bókfærðs verðs hjá dótturfélaginu reyndist vera óverulegur og þar af leiðandi var ekkert endurmat fært á árinu 2022. Endurmat var framkvæmt í árslok af óháðum aðila.

### e. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu árum.

# Skýringar

---

## f. *Dótturfélög*

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu árum.

## g. *Hlutdeildarfélög*

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

## h. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

## i. *Birgðir*

Rekstrarvirðubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

## j. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

## k. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## l. *Virðisrýmun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýmun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignanna metið.

Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært virði eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýmun endurmetinna rekstrarfjármuna er færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár upp að þeirri fjárhæð sem hann stendur í en eftir það í rekstrarreikning. Virðisrýmun annarra eigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Rekstrarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýmun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýmunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýmun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði, að frádregnum afskriftum, ef engin virðisrýmun hefði verið færð.

Framkvæmt var virðisrýmunarpróf á varanlegum rekstrarfjármunum félagsins í árslok 2022 og var niðurstaðan sú að ekki væri um virðisrýmun að ræða umfram það sem áður hefur verið fært til hækkunar á endurmatsreikningi.

## m. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjóri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

# Skýringar

## 3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2022	2021
Tekjur hitaveitukerfis .....	1.761.111	1.675.591
Tekjur vatnsveitukerfis .....	490.686	473.140
Tekjur rafveitukerfis .....	1.590.717	1.538.983
Tekjur fráveitukerfis .....	567.878	538.164
Aðrar tekjur .....	110.655	93.154
	<u>4.521.047</u>	<u>4.319.032</u>

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	736.085	658.459
Mótframlag í lífeyrissjóði .....	99.943	89.153
Önnur launatengd gjöld .....	66.260	57.751
Annar starfsmannatengdur kostnaður .....	20.238	17.802
Kostnaðarverð eigin vinnu .....	(119.143)	(107.333)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>803.383</u>	<u>715.833</u>
Fjöldi ársverka .....	73,8	70,2
Laun og hlunnindi stjórna, forstjóra og framkvæmdastjóra .....	52.244	38.281

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur og arður .....	22.238	7.332
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(715.059)	(442.054)
Gengismunur .....	(26.682)	82.789
Matsbreyting eignarhluta í félögum .....	3.531	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>(715.972)</u>	<u>(351.933)</u>

## 6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2022	2021
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	144.342	617.906
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,00% 28.868	20,00% 123.581
Áhrif hlutdeildarfélagaga .....	( 6,48%) (9.359)	( 1,25%) (7.745)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu .....	( 17,42%) (25.140)	( 7,23%) (44.659)
Aðrir liðir .....	( 1,34%) (1.929)	0,11% 672
Virkur tekjuskattur .....	<u>( 5,24%) (7.559)</u>	<u>11,63% 71.850</u>

## 7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstramiðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár. Félagið hefur ekki gefið út breytanleg skuldabréf eða aðra gerninga sem leitt gætu til þynningar á hagnaði á hlut. Þynntur hagnaður á hlut er því sá sami og hagnaður á hlut.

	2022	2021
Hagnaður ársins .....	151.901	546.056
Vegið meðaltal hlutafjár .....	846.662	846.662
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut. ....	0,18	0,64

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2022 .....	12.712.999	6.179.736	4.414.186	4.877.445	3.344.774	31.529.140
Afskrifað samtals .....	(4.894.338)	(2.582.219)	(2.209.507)	(724.389)	(1.679.464)	(12.089.917)
Bókfært verð 1.1.2022 .....	7.818.661	3.597.516	2.204.680	4.153.056	1.665.310	19.439.223
Keypt á árinu .....	489.816	252.139	242.410	266.791	181.166	1.432.323
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	0	0	(1.553)	(1.553)
Afskrifað á árinu .....	(340.323)	(143.607)	(122.321)	(129.210)	(135.263)	(870.725)
Endurmatshækkun .....	0	0	602.139	0	0	602.139
Endurmatslækkun .....	(60.568)	(232.834)	0	(223.369)	(13.968)	(530.739)
Bókfært verð 31.12.2022 .....	7.907.587	3.473.215	2.926.908	4.067.267	1.695.691	20.070.668
Heildarverð 31.12.2022 .....	13.142.247	6.199.041	5.258.736	4.920.867	3.519.721	33.040.612
Afskrifað samtals 31.12.2022 .....	(5.234.661)	(2.725.827)	(2.331.827)	(853.600)	(1.824.029)	(12.969.944)
Bókfært verð 31.12.2022 .....	7.907.587	3.473.215	2.926.908	4.067.267	1.695.691	20.070.668
Heildarverð 1.1.2021 .....	12.264.701	5.969.848	4.488.805	4.759.548	3.239.165	30.722.067
Afskrifað samtals .....	(4.566.210)	(2.446.139)	(2.394.131)	(599.985)	(1.556.987)	(11.563.452)
Bókfært verð 1.1.2021 .....	7.698.491	3.523.709	2.094.673	4.159.563	1.682.178	19.158.614
Keypt á árinu .....	449.093	209.888	241.920	117.897	122.082	1.140.879
Selt og aflagt á árinu .....	0	0	0	0	(369)	(369)
Afskrifað á árinu .....	(328.923)	(136.081)	(131.913)	(124.404)	(138.581)	(859.902)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	7.818.661	3.597.516	2.204.680	4.153.056	1.665.310	19.439.223
Heildarverð 31.12.2021 .....	12.713.794	6.179.736	4.730.724	4.877.445	3.353.864	31.855.563
Afskrifað samtals 31.12.2021 .....	(4.895.133)	(2.582.219)	(2.526.045)	(724.389)	(1.688.555)	(12.416.341)
Bókfært verð 31.12.2021 .....	7.818.661	3.597.516	2.204.680	4.153.056	1.665.310	19.439.223
Afskriftarhlutföll .....	2,5 - 5 %	1,0 - 8,3 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími .....	20 - 40 ár	12 - 100 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

### Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Á árinu var framkvæmt sérstakt endurmat á veitum og fasteignum félagsins. Samkvæmt endurmatssaðferð skal á uppgjörstigi kannað hvort vísbendingar séu um að verulegur munur sé á endurheimtanlegu virði og bókfærðu virði. Við mat á rekstrarvirði er beitt sjóðstreymisaðferð en sú aðferð byggir á því að áætla framtíðarfráflæði sjóðskapandi eininga og núvirða það til viðmiðunardags útreiknings með viðeigandi ávöxtunarkröfu.

Helstu forsendur:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi
i) Veginn fjármagnskostnaður	4,6%	4,9-5,5%	5,2%	5,2%
ii) EBITDA framlegð	48,1%	21,3-75%	48,0%	50,5%
iii) Framtíðartekjuvöxtur	0%	0%	0%	0%

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh.)

### Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna (frh.)

Eftirfarandi er næmnigreining sem sýnir áhrif breytinga á lykilforsendum við mat á rekstrarvirði að því gefnu að aðrar forsendur séu óbreyttar.

	Hitaveitukerfi		Rafveitukerfi og virkjanir	
	Áhrif á afkomu		Áhrif á afkomu	
	Hækkun	Lækkun	Hækkun	Lækkun
EBITDA breyting um 1,0% miðað við spá .....	361.000	(361.000)	204.000	(1.000)
Breyting ávöxtunarkröfu við núvirðingu um 1,0% stig .....	(1.759.000)	2.736.000	(597.000)	135.000
	Vatnsveitukerfi		Fráveitukerfi	
EBITDA breyting um 1,0% miðað við spá .....	106.000	(107.000)	127.000	(127.000)
Breyting ávöxtunarkröfu við núvirðingu um 1,0% stig .....	(448.000)	658.000	(631.000)	928.000

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar breytingar voru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Bókfært verð veitukerfa án endurmats nam í árslok kr. 14.748,1 millj. og annarra eigna kr. 1.461,3 millj.

Endurmetnar eignir eru afskrifaðar bæði skattalega og reikningshaldslega. Endurmat eignanna hefur engin áhrif á skattalegt verð þeirra. Endurmat eignanna leiðir til breytinga á tekjuskattsskuldbindingu.

### Fasteignamat og váttryggingarverð

Váttryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok nam eftirtöldum fjárhæðum:

	2022	2021
Váttryggingarverð veitukerfa og virkjana .....	52.764.777	49.095.820
Bókfært verð veitukerfa og virkjana .....	18.374.977	17.773.913
Váttryggingarverð fasteigna .....	4.714.630	3.688.653
Fasteignamat fasteigna .....	1.956.464	1.784.085
Fasteignamat lóða .....	485.369	452.252
Bókfært verð fasteigna .....	1.277.792	1.241.650
Váttryggingarverð lausafjármuna .....	1.053.341	1.004.645
Bókfært verð lausafjármuna .....	417.899	423.660

### Veðsetningar

Fasteignir móðurfélags að bókfærðu verði kr. 306,8 millj. eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfi að fjárhæð kr. 360,3 millj. Eignir dótturfélagsins eru veðsettar til tryggingar skuldum með tryggingarbréfum að fjárhæð kr. 1.412,4 millj.

## 9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Bókfært verð í ársbyrjun .....	17.937	25.111
Gjaldfærsla ársins .....	(7.175)	(7.175)
Bókfært verð í árslok .....	10.762	17.937

# Skýringar

## 10. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið átti í árslok 2022, allt hlutfé í Vistorku ehf., Rangárvöllum Akureyri, og Orkey ehf., Njarðarnesi 10 Akureyri. Með vísan til 68. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, eru þau félög utan samstæðureiknings þar sem þau hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra. Eignarhlutirnir eru færðir meðal eignarhluta í öðrum félögum.

## 11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	2022		Eignarhlutur	2021	
		Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu		Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri .....	33,33%	73.372	20.083	33,33%	71.321	13.058
Tengir hf., Akureyri .....	38,41%	332.482	33.885	38,41%	298.596	32.842
		<u>405.854</u>	<u>53.968</u>		<u>369.917</u>	<u>45.900</u>

## 12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2022		2021	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri .....	6,37%	0	6,37%	0
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri .....	48,75%	0	48,75%	0
Íslensk orka ehf., Akureyri .....	36,26%	0	36,26%	0
Netorka hf., Hafnarfirði .....	7,73%	10.364	7,73%	6.864
Orkey ehf., Akureyri .....	100,00%	3.500	100,00%	3.500
Vistorka ehf., Akureyri .....	100,00%	500	100,00%	500
Aðrir eignarhlutir .....		8		8
Bókfært verð í árslok .....		<u>14.371</u>		<u>10.871</u>

## 13. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjalddagi bréfsins árið 2024.

## 14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur .....	358.389	301.539
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(12.500)	(7.500)
	<u>345.889</u>	<u>294.039</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	9.500	12.700
Tapaðar kröfur á árinu .....	(938)	(2.500)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu .....	3.938	(700)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>12.500</u>	<u>9.500</u>

# Skýringar

## 15. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Sjóður og bankainnstæður .....	235.347	332.531
Markaðsverðbréf .....	0	201.391
Handbært fé samtals .....	<u>235.347</u>	<u>533.922</u>

## 16. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé ársreiknings samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi og þýðingarmuns.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	846.662	268.225	3.759.021	7.443.314	77.152	12.394.375
Leiðrétting bundins eigin fjár .				(229.373)	229.373	
Arður til hluthafa .....				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats .....			(255.533)	255.533		0
Gengismunur v. þýðingar .....					(3.902)	(3.902)
Hlutdeildartekjur .....				(120.889)	120.889	0
Arður frá hlutdeildarfélagi .....				12.725	(12.725)	0
Hagnaður ársins .....				546.056		546.056
Eigið fé 31.12.2021 .....	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>3.503.488</u>	<u>7.780.367</u>	<u>410.787</u>	<u>12.809.529</u>
Arður til hluthafa .....				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats .....			(239.052)	239.052		0
Endurmat rekstrarfjárm .....			137.601			137.601
Gengismunur v. þýðingar .....					1.458	1.458
Hlutdeildartekjur .....				16.584	(16.584)	0
Arður frá hlutdeildarfélagi .....				11.312	(11.312)	0
Afkoma ársins .....				151.901		151.901
Eigið fé 31.12.2022 .....	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>3.402.038</u>	<u>8.072.216</u>	<u>384.349</u>	<u>12.973.490</u>

Annað bundið eigið fé greinist þannig: .....	31.12.2022	31.12.2021
Óinnleystur hagnaður dóttur- og hlutdeildarféлага .....	386.851	414.747
Þýðingarmunur .....	(2.501)	(3.960)
	<u>384.349</u>	<u>410.787</u>

Í samræmi við reikningsskilareglur er fært af óráðstöfuðu eigin fé, á bundinn reikning meðal eiginfjár, fjárhæð sem svarar til hlutdeildar í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага sem færð var í rekstrarreikning að svo miklu leyti sem hlutdeildin er umfram móttækinn arð frá þessum félögum og til lækkunar er færð neikvæð afkoma frá árinu á undan.

Ekki er heimilt að ráðstafa bundnu eigin fé til greiðslu arðs.

# Skýringar

## 17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	708.446	648.576
Endurmat rekstrarfjármuna .....	(66.201)	0
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	(7.559)	71.816
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	(11.946)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>634.687</u>	<u>708.446</u>
Tekjuskattur til greiðslu samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	11.946
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	660.837	705.223
Birgðir .....	2.293	2.202
Viðskiptakröfur .....	2.350	2.928
Frestaður gengismunur .....	1.962	(1.906)
Yfirfæranlegt tap .....	(32.755)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>634.687</u>	<u>708.446</u>

## 18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í EUR .....	1.281.923	1.366.985
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar .....	5.728.544	5.531.174
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar .....	175.086	181.163
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>7.185.553</u>	<u>7.079.321</u>
Næsta árs afborganir .....	(450.407)	(413.313)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	<u>6.735.146</u>	<u>6.666.009</u>
Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2022 .....	-	413.313
Árið 2023 .....	450.407	422.428
Árið 2024 .....	432.122	405.574
Árið 2025 .....	411.884	386.909
Árið 2026 .....	420.122	394.263
Árið 2027 .....	428.772	-
Síðar .....	5.042.247	5.056.836
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>7.185.553</u>	<u>7.079.321</u>

## 19. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda félagsins á árinu 2022 nam kr. 8,0 millj. (2021: kr. 8,6 millj.) þar af kr. 5,1 millj. (2021: kr. 5,6 millj.) vegna endurskoðunar.

# Skýringar

## 20. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

### Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

### Önnur viðskipti við tengda aðila

#### Sala á vöru og þjónustu

	2022	2021
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	333.100	363.456
Aðrir hluthafar .....	28.155	30.975
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög .....	12.510	12.031
	<u>373.765</u>	<u>406.463</u>

#### Kaup á vöru og þjónustu

Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	125.523	121.976
Aðrir hluthafar .....	5.082	17.961
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög .....	24.680	24.140
	<u>155.286</u>	<u>164.077</u>

### Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2022		31.12.2021	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	42.316	(13.657)	242.939	(19.344)
Aðrir hluthafar .....	6.573	(1.771)	7.801	(14.127)
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög .....	1.268	0	3.046	(500)
	<u>50.156</u>	<u>(15.428)</u>	<u>253.787</u>	<u>(33.970)</u>

Skuldabréfaeign:

	31.12.2022	31.12.2021
Hlutdeildarfélög .....	3.841	5.762

Auk tekna hér að ofan fékk samstæðan greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 5,0 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 0,2 millj.

## 21. Rannsókn Samkeppnieftirlitsins

Samkeppniseftirlitið hefur til rannsókna samkeppnisaðstæður á raforkumarkaði og mögulegar aðgangshindranir á markaði fyrir smásölu raforku. Stjórnendur félagsins telja að það fari að lögum og reglum í starfsemi sinni og ekkert í henni fari á skjön við gildandi samkeppnislög.

## 22. Kennitölur

Helstu kennitölur:	31.12.2022	31.12.2021
EBITDA .....	1.684.244	1.791.015
Veltufjárlutfall .....	0,84	1,35
Eiginfjárlutfall .....	60,7%	60,6%
Arðsemi eigin fjár .....	1,18%	4,33%
Innra virði .....	15,32	15,13